

félagsmanna stefnda í sérstakan sjúkrasjóð samkvæmt 7. gr. nefndra laga.

Rétt þykir að málskostnaður falli niður.

D ó m s o r ð:

Flugleiðum h.f., er ekki skylt að greiða 1% af launum félagsmanna Félags íslenskra atvinnuflugmanna í þjónustu Flugleiða h.f. í sérstakan sjúkrasjóð Félags íslenskra atvinnuflugmanna. Málskostnaður fellur niður.

Nr. 3/1980. Miðvikudaginn 21. janúar 1981.
Farmanna- og fiskimannasamband Íslands
 vegna **Vélstjórafélags Íslands**
 (Hjalti Steinþórsson hdl.)
 gegn
Vinnuveitendasambandi Íslands
 f.h. **Landssambands íslenskra útvegsmanna**
 vegna
 Útvegsmannafélags Reykjavíkur,
 Útvegsmannafélags Hafnarfjarðar,
 Útvegsmannafélags Hornafjarðar og Djúpavogs,
 Útvegsbændafélags Vestmannaeyja,
 Útvegsmannafélags Þorlákshafnar,
 Útvegsmannafélags Suðurnesja,
 Útvegsmannafélags Akraness,
 Útvegsmannafélags Snæfellsness,
 Útvegsmannafélags Norðurlands
 og Útvegsmannafélags Austfjarða
 (Jónas Haraldsson hdl.)

Kjarasamningar. Deilt um skyldu atvinnurekenda til að halda eftir af kaupi félagsgjaldi til verkalýðsfélags.

Dómur.

Mál þetta, sem tekið var til dóms þann 13. þ. mán., var höfðað með stefndu 16. desember 1980.

Stefnandi er Farmanna- og fiskimannasamband Íslands vegna Vélstjórafélags Íslands.

Stefndi er Vinnuveitendasamband Íslands f.h. Landssambands íslenskra útvegsmanna vegna Útvegsmannafélags Reykjavíkur, Útvegsmannafélags Hafnarfjarðar, Útvegsmannafélags Hornafjarðar og Djúpavogs, Útvegsbændafélags Vestmannaeyja, Útvegsmannafélags Þorlákshafnar, Útvegsmannafélags Suðurnesja, Útvegsmannafélags Akraness, Útvegsmannafélags Snæfellsness, Útvegsmannafélags Norðurlands og Útvegsmannafélags Austfjarða.

Dómkröfur stefnanda eru þær að útvegsmönnum í þeim aðildarfélögum Landssambands íslenskra útvegsmanna, er í stefnu greinir, verði dæmt skylt að halda eftir félagsgjaldi, 1% af heildarlaunum vélstjóra, frá 6. janúar 1980, og standa skil á því til Vélstjórafélags Íslands eftir kröfu félagsins, og að stefnda verði gert að greiða stefnanda málskostnað.

Dómkröfur stefnda eru þær að hann verði sýknaður af öllum kröfum stefnanda, og að stefnandi verði dæmdur til að greiða málskostnað.

Í máli þessu hefur komið fram kjarasamningur milli Landssambands íslenskra útvegsmanna annarsvegar og Vélstjórafélags Íslands og Vélstjórafélags Vestmannaeyja hinsvegar, en samningur þessi, sem byggir á stofni frá 1. mars 1976, tók gildi 1. júlí 1977.

Er deilt um túlkun á 35. gr. kjarasamnings þessa, en hún er á þessa leið:

„Félagsgjöld.

Útgerðarmanni er skylt að standa skil á félagsgjöldum og vinnuréttindagjöldum viðkomandi aðila, þegar þess er krafist, enda sé ósk komin fram frá viðkomandi stéttarfélagi um það, áður en skipverji fer úr skiprumi“.

Ákvæði með sama orðalagi hefur verið í mörgum kjarasamningum undanfarin ár.

Samkvæmt þessu hefur sá háttur verið hafður að Vélstjórafélag Íslands hefur árlega sent útgerðarmönnum kvittanir fyrir greiðslu félagsgjalda þeirra, sem þeir hafa innheimt af launum vélstjóra, og

hver útgerðarmaður síðan sent þessi gjöld í einu lagi til skrifstofu félagsins, hér í borg.

Í bréfi, sem dagsett er þann 17. október 1978, og sem Farmanna- og fiskimannasamband Íslands og Sjómannasamband Íslands standa að, er farið fram á að viðræður verði teknar upp milli þessara samtaka og Landssambands íslenskra útvegsmanna um breytt fyrirkomulag á innheimtu félagsgjalda fiskveiðisjómana, o.fl. Er sú hugmynd reifuð í bréfinu að í stað ákveðinnar upphæðar ár hvert verði tekin ákveðin hundraðstala af tilteknum stofni.

Aðilum ber saman um að sest hafi verið að samningaborði en ekki hafi orðið af viðræðum um þetta atriði.

Á aðalfundi Vélstjóraráfélags Íslands, sem haldinn var þann 6. janúar 1980 var samþykkt að félagsgjald skyldi eftirleidis vera 1% af heildarlaunum félagsmanna, í stað fastagjalds, svo sem jafnan hafði verið.

Í framhaldi af þessari samþykkt voru útgerðarmönnum send bréf þar sem tilkynnt var um þennan nýja hátt varðandi félagsgjöld, og þess farið á leit að gjöld þessi verði dregin mánaðarlega af launum þeirra vélstjóra, er starfandi séu hjá viðkomandi útgerð, og þau síðan send til skrifstofu félagsins eða lögð inn á tiltekinn ávisana-reikning hjá Sparisjóði vélstjóra hér í borg. Hverju bréfi fylgdi eyðublað fyrir skilagrein lútandi að innheimtunni.

Landssamband íslenskra útvegsmanna hefur lagst gegn því að útvegsmenn innan vébanda þess verði við þessum tilmælum. Kemur þetta fram í umburðarbréfi, sem er dagsett 28. mars 1980, en þar segir m.a. að samtök útvegsmanna hafni nú sem endranær þeirri kröfu sjómannasamtakanna að þeir annist álagningu félagsgjalda er miðist við hundraðshluta af tekjum.

Það er komið fram í máli þessu að flestir útvegsmenn vísuðu tilmælum Vélstjóraráfélags Íslands á bug, og mun hafa verið mikið um að vísað væri til umburðarbréfsins sem synjunarástæðu.

Í málflutningi sínum leggur stefnandi megináherslu á það að það sér alfarið á valdi Vélstjóraráfélags Íslands að ákveða félagsgjöld og hvernig reikna skuli, og sóm sé skylda útvegsmanna að annast innheimtu þeirra, hvort sem tiltekið sé fast gjald eða hundraðstala af launum. 35. gr. kjarasamningsins bindi félagið ekki á nokkurn hátt í þessu efni. Um sé að ræða heimildarákvæði og geti engum

úrslitum ráðið í máli þessu hvernig félagið hafi kosið að haga hér að lútandi ákvörðunum, og fráleitt sé að tala um að félagið hafi á nokkurn hátt bundið sig til að halda áfram að hafa fast árgjald enda þótt svo hafi lengi verið að undaförnu. Það liggja í augum uppi hve hundraðstölumiðmiðunin sé eðlilegri og sanngjarnari gagnvart félagsmönnum, og sé það fyrirkomulag nú sem óðast að verða almenn regla um félagsgjöld og önnur gjöld er vinnuveitendum beri að greiða, sbr. t.d. um greiðslur til Styrktar- og sjúkrasjóðs og til orlofsheimilásjóðs, skv. 28. gr. Ekki verði staðhæft að hið nýja fyrirkomulag horfi til íþyngingar fyrir útvegsmenn.

Að gefnu tilefni er því haldið fram af hálfu stefnanda að í bréfinu 17. október 1978 felist engan vegin viðurkenning þess að Vélstjórafélag Íslands hafi verið nauðbeygt til þess að fara samningaleiðina til að fá fram breytingar varðandi ákvörðun og innheimtu félagsgjalda. Meginatriðið hafi verið að reyna að koma þeirri skipan á að Landssamband íslenskra útvegsmanna samþykkti að þess yrði óskað við stjórn Afliatryggingarsjóðs að Áhafnadeild héldi framvegis eftir greiðslum vegna félagsgjalda o.fl og að um hundraðstölugjald yrði að ræða. Er hér að lútandi vísað til kröfugerðar Farmanna- og fiksímannasambandsins vegna sambandsfélaga sinna í kjaraviðræðum þeim er nú standa yfir.

Í málsvörn sinni vísar stefndi til þeirrar venju er tekist hafi fyrir um það bil 30 árum um innheimtu félagsgjalda, og að framan er minnst á. Með bréfi Sjómannasambands Íslands og Farmanna- og fiskimannasambands Íslands, 17. október 1978, hafi fyrst verið minnst á breyttan hátt að þessu leyti og óskað eftir viðræðum m.a. þar að lútandi. Þær viðræður hafi siglt í strand. Landssamband íslenskra útvegsmanna hafi nú tekið þá stefnu að halda sig algerlega að kjarasamningi um þetta atriði, og hafi ítrekað þá afstöðu síðan af gefnum tilefnum.

Enda þótt aðilum sé ugglaut frjálst að koma sér saman um breytingar á gildandi kjarasamningi komi ekki til mála að annar aðili geti að eigin geðþótta og einhliða krafist breytinga á innheimtu og greiðslufyrirkomulagi sem gilt hafi áratugum saman, og breytingin sé auk þess íþyngjandi fyrir gagnaðila. Samkvæmt þeirri nýju skipan, sem Vélstjórafélag Íslands vilji nú koma á, mundu útvegsmenn þurfa að leggja félagsgjöldin á og skila þeim oft á ári í stað árlega

eins og verið hafi. Auk þess sé ætlaðst til að um eins árs afturvirkni verði að ræða.

Það sé líka ljóst að stjórn Vélstjórafélags Íslands hafi talið að fara þyrfti samningaleið til þess að breytt yrði gildandi fyrirkomulagi. Komi þetta fyrst og fremst fram í áður umgetnu bréfi 17. október 1978, og ekki hvað síst í því að í kjaraviðræðum þeim, sem nú standa yfir, hafi sjómannasamtökin gert þá kröfu að eftirleiðis verði félagsgjöld tiltekin sem hundraðstala af launum.

Svo sem að framan er getið hefur framkvæmd málsaðila varðandi félagsgjöld verið sú um langt árabíl að útvegsmenn hafa gert árleg skil til Vélstjórafélags Íslands samkvæmt reikningi félagsins. Ákvæði kjarasamnings um félagsgjöld hafa ekki sætt breytingum undanfarin ár. Með tilliti til þess svo og til þess að sú breyting, sem Vélstjórafélag Íslands vill koma á í þessu efni, mundi verða talsvert íþyngjandi fyrir útvegsmenn, þykir verða að sýkna stefnda af kröfum stefnanda í þessa átt.

Málskostnaður á að falla niður í máli þessu.

Dóm þennan kváðu upp Þorsteinn Thorarensen, Halldór Þorbjörnsson, Björn Helgason, Árni Guðjónsson og Gunnar Guðmundsson.

D ó m s o r ð:

Stefndi, Vinnuveitendasamband Íslands f.h. Landssambands íslenskra útvegsmanna vegna Útvegsmannafélags Reykjavíkur, Útvegsmannafélags Hafnarfjarðar, Útvegsmannafélags Hornafjarðar og Djúfavogs, Útvegsbændafélags Vestmannaeyja, Útvegsmannafélags Þorlákshafnar, Útvegsmannafélags Suðurnesja, Útvegsmannafélags Akraness, Útvegsmannafélags Snæfellsness, Útvegsmannafélags Norðurlands og Útvegsmannafélags Austfjarða, á að vera sýkn af kröfum stefnanda Farmanna- og fiskimannasambands Íslands vegna Vélstjórafélags Íslands í máli þessu.

Málskostnaður fellur niður.
